Gjörðabók
hreppstjórans í Hofshreppi
fyrir
Kirkjujörðina Höfða

Jörðin seld ábúanda Friðrik Antonssyni 1981

Á 1934 laugard. 9. júní var úttekt gerð á kirkjujörðinni Höfða, þegar jörðin fór úr umsvörum prestsins sr. Pálma Þóroddssonar, en ríkissjóður með hreppstjóra Hofshrepps sem umboðsmanni, byggði jörðina Friðrik Guðmundssyni, sem hafði búið þar áður nokkur ár.

Eftir samningi sem sr. Pálmi Þóroddsson hafði áður gert við ríkisstjórnina, skyldi hann ekki svara til álags við afhendingu en þar skyldi ríkissjóður svara til.
Samkvæmt framansögðu var úttektin framkvæmd, og vísast um hana í úttektarbók Hofshrepps No 4 bls. 196

Álag var metið þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Íbúðarhús | kr. 1300.00 |
| 2. | Fjós | " 80.00 |
| 3. | Fjóshlaða | " 120.00 |
| 4. | Útieldhús | " 75.00 |
| 5. | Norðari fjárhús 2 samstæð | " 240.00 |
| 6. | Syðra do. 1 | " 110.00 |
| 7. | Fjárhúshlaða | " 150.00 |
| | Samtals kr. | 2075.00 |

Kúgildisær 24 tals voru áður í höndum
ábúanda og verða það áfram.
Undirskrift undir úttektina voru:

Páll Árnason Páll Erlendsson
(úttektarmenn)

Friðrik Guðmundsson
ábúandi

J. Konráðsson
(með þeim fyrirvara
að ríkisstj. samþykki.)

Ár 1934. 16. maí var samið og undirskrif-
að byggingarbréf fyrir Höfða.
Byggingarbréfið áskilur árlega landskuld
Kr. 250.oo og leigur 6% af verðlagsskrárverði
kúgildanna (24 ær) gjalddagi 31. des. ár hvert.
Ábúandinn Friðrik Guðmundsson og
hreppstjóri Hofshrepps undirskrifuðu bygg-
ingarbréfið í votta viðurvist.
Að öðru leyti, vísast til byggingarbréfsins
um skilmála þess. Eitt eintak bréfsins var
sent ríkisstjórninni

J. Konráðsson

Ár 1935 þann 6. mars sendi hreppstjóri
til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu
svohljóðandi bréf:
„Útaf símtali við yður herra sýslumaður
„sendi ég yður hérmeð, eitt eintak af
„byggingarbréfi fyrir Kirkjujörðinni Höfða
„dags. 16. maí s. l.
„Er líklega rétt, einsog þér getið um, að
„það sendist áfram til stjórnarráðsins, ef
„ske kynni, að ekki hafi komið fram, það
„eintak sem ég sendi þangað síðastl. vor.
„Það, að byggingarbréfið er ekki ennþá
„á eyðublöðum, stafar af því að ég hafði ekki
„fengið þau, þegar bygg. bréfið var gefið út.
„En ég tel að það komi ekki að sök, þar sem
„tekin eru fram allgreinilega, öll þau
„atriði viðkomandi byggingunni, sem
„ríkisstjórnin setti, og getið er um í
„bréfi yðar frá 19. febr. 1934, að öðru leyti en
„því, að leigur eiga að greiðast í peningum
„mót 6% af verðlagsskrárverði kúgilda, einsog
„kúgildandi ábúðarlög gera ráð fyrir.
„Einsog byggingarbréfið ber með sér, er
„þar ekki einu orði minnst á land í Hofsós

til handa sóknarprestinum, enda hefi eg ekki haft neitt með það mál að gera, og kom því ekki til mála, að eg setti neitt um það í byggingarbréfið.

Í ráðherratíð Jónasar Jónssonar, mun Friðrik Guðmundsson, þáverandi og núverandi ábúandi á Höfða, hafa fengið loforð um framtíðarábúð en enginn samningur um það gerður. En þegar sr. Þorsteinn Briem var kirkjumálaráðherra, og þetta þurfti að fastbindast, við prestaskiftin hér og prestsetrið að færast löglega frá Höfða í Hofsós þá setti ráðherrann Friðrik Guðmundssyni það skilyrði m.a. að hann útvegaði ókeypis ~~sethúsaland~~ byggingarlóð í eða við Hofsós handa sóknarpresti og að sóknarpr. skyldi hafa til afnota um næstu 5 ár 1/3 af túni jarðarinnar Höfða gegn 30 króna gjaldi til ábúanda (þessi kvöð, um 1/3 túnsins er í byggingarbréfinu sbr. bréf stjórnarráðsins.)

Nú mun það vera svo, að ekki sé gengið að fullu frá samningum um þessa ~~[illegible]~~ byggingar-lóð í Hofsós (þar er sóknarnefnd með presti annarsvegar) og geri eg ráð fyrir, að sé það atriði sem ríkisstjórnin er nú að gera athugasemdir um í sambandi við bygginguna á Höfða, en alveg er það laust við byggingarbréfið, og þá byggingar-skilmála, sem eg átti að sjá um að þar væru, því á þetta var ekki minnst með einu orði í umgetnu bréfi stjórnarráðsins.

Eg mun kynna mér, hvernig ástatt er um þetta lóðarmál, svo eg geti frekar upplýst það síðar

Virðingarfyllst

J. Konráðsson

Til Sýslumanns Skagafjarðarsýslu.

## Úttekt á Höfða 1. okt. 1938

Ár 1938 laugardaginn þ. 1. október, voru úttektarmenn Hofshrepps, staddir á Höfða til þess að taka út jörðina, þegar hann skilar úr ábúð Friðrik Guðmundsson, en við tekur Anton Jónsson, sem búið hafði á jörðinni frá fardögum 1937, en hafði til þessa tíma setið í ábúð Friðriks Guðmundssonar.

Við úttektina voru mættir, viðtakandinn

Antan Jónsson, og fyrir hönd fráfaranda
Jón Sigurðsson bréfsmiðinn Stóragerði.
Jörðin var síðast tekin út 9. júní 1934
þá í hendur Friðriks Guðmundssonar.
Úttektin fór fram sem hér segir:

1. Íbúðarhús. Stærð 5×9 mtr. með járnþaki
Timburhús.
Innrétting íbúðarhússins hefir breyst þannig
frá síðustu úttekt:
a. Útidyr og forstofa í norðvesturhorni er tekið
af, og norðvesturstofa stækkuð, sem því nam
b. Skilrúmsþil milli búrs og eldhúss, er
tekið burtu, og eldhúsið stækkað sem nam
stærð búrsins.
c. Nú er aðal og einasti inngangur í húsið
á austurhlið þess, sunnanverðri, og svo
nýja forstofa þar, tekin af suðausturstofu
og hún minnkuð um 1.10 mtr.
d. Við austurhlið hússins, við innganginn
er forstofuskúr 1×1.25 mtr. byggður af
fráfaranda.
e. Við austurhlið norðanverða hefir fráfarandi
byggt vanhús, og er efni þess aðallega úr
skúrgarni, sem áður var við eldhúsinngang.

Eins og áður er sagt, er norðurstofa nokkru
stærri en hún var, og hefir jafnframt
stækkuninni verið endurbætt þannig,
að settur hefir verið nýr gluggi á
vesturhlið, og stofan öll veggfóðruð og
máluð.
Í eldhúsi hefir verið lagt nýtt gólf
ofaná það sem fyrir var, innréttað
með föstum skápum við austurhlið,
borð við glugga og þiljur málaðar.
Nýtt skilrúmsþil hefir verið sett
við inngang, en það þil má
telja að komið hafi í stað þess,
er tekið var þegar breyting var
gerð.
Í suðvesturstofu hefir loft,
hurðir og gluggar verið málað
að nýju, og einn innri gluggi
verið settur nýr.
Að öðru leyti en því, sem hér er
framtekið, er ásigkomulag hússins
niðri svipað og var við síðustu
úttekt.
Á lofti er herbergjaskipun hin sama

og ásigkomulag líkt og getið er
um á bls. 197 hér að framan.
Kjallari virðist vera í sama ásig-
komulagi og við síðustu úttekt.
Að utan virðist heildarsvipur hússins
bera saman við lýsingu síðustu
úttektar.

2. Fjós við suðurstofu hússins. Hús þetta
er nú hætt að nota sem fjós.
Milligerðir milli bása eru burttekn-
ar og húsinu lítið viðhaldið.

3. Útihesthús. 5 x 4 metr. Hús þetta er
óstæðilegt að viðum og veggjum.

4. Fjóshlaða. Hús þetta er ekki til
lengur. Svarar fráfarandi því til
verðs fyrir húsið auk þess álags
sem hann tók við fyrir það. —

5. Tvö ytri fjárhús. Húsin eru undir 2
risum en engir milliveggir.
Húsin virðast vera í svipuðu ástandi
og við síðustu úttekt

6. Syðsta fjárhús. Að því er séð verður
er hús þetta í sama ástandi
og lýst er við síðustu úttekt.

7. Fjárhúshlaða. Hlaðan virðist einnig vera
í svipuðu ástandi og við síðustu
úttekt.

8. Tún og engjagirðing, sem lýst er á bls.
199 hér að framan (síðasta úttekt).
Girðingunni hefur ekki verið breytt
frá síðustu úttekt, að öðru leyti en
því að hún hefur styttst um ca
200 m. frá Höfðavatni áleiðis að
Búðarhól. x Vírinn í girðingunni
er að mjög miklu leyti mikið ryðgaður
en x sú girðing hefur verið sett
í austurkant um Búðarhólstún,
þar sem vírinn er upphaflega gildur
má gera ráð fyrir, að hann endist
alllengi enn. Staurar í girðingunni
hafa upphaflega verið ófullkomin
rekasprek, að undanskildum stofjál-
um aflstaurum. Nú vantar ekki
staura svo teljandi sé, en all-
margir millistaurar ýmist brotnir
við jörð eða lítt nýtir. —

Þá var metið álag á hús og mannvirki, sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Íbúðarhús — | kr. 1000.00 |
| 2. | Fjós (gamalt) — | " 90.00 |
| 3. | Fjóshlaða (álag 120.00 + 40.00 efni) | " 160.00 |
| 4. | Útieldhús — — | " 85:00 |
| 5: | 2 Fjárhús, (ytri fjárhús) — | " 300.00 |
| 6. | Syðsta fjárhús — — | " 120.00 |
| 7. | Fjárhúshlaða — — | " 160.00 |
| 8. | Girðing (afföll ca 1/3 verðs) — | " 250.00 |
| | | Alls kr. 2165.00 |

Þá var samstundis látið í álag:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Fjóshlaða úr járni 7x18 ál. steypt að neðan í ca 3 ál. hæð | kr. 1100.00 |
| 2. | Fjós (áfast við fjóshlöðu fyrir 6 gripi, úr bárujárni og torfþak. | 500.00 |
| 3. | ~~Ka~~ [illegible]húsloft (þaklaus) | " 350.00 |
| 4. | Hesthúskofi — — | " 25:00 |
| 5: | Búðarhólshús (aðeins viðir) | " 30.00 |
| 6. | Sjóbúð ( " " ) | " 15:00 |
| 7. | Kálgarður (með netgirðingu) | " 100.00 |
| | | Samtals kr. 2120.00 |

Þá vantar í álagsgreiðsluna frá fráfaranda kr. 45:00 sem við viðkomendur koma sér saman um greiðslu á. Þess skal getið í sambandi við mat á fjóshlöðu að gert var ráð fyrir að fráfarandi hafi fengið jarðræktarstyrk á hlöðuna sem áætlaður var 100.00 kr. og dregið frá matsverði hlöðunnar. Einnig var talið sennilegt að fráfarandi hafi fengið styrk á haughús, en til þess var ekki tekið tillit við mat á því.

Kúgildi jarðarinnar 18 ær og 1 kýr var þegar í umsjá viðtakanda.

Samkvæmt ósk viðtakanda mátu úttektarmenn 2 hús — útieldhús og gamalt fjós — í því ástandi sem þau þá voru, þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Útieldhús — | kr. 15:00 |
| 2. | Fjós (gamalt) — | " 20.00 |
| | | Samtals kr. 35.00 |

Upplesið samþykkt.

Anton Jónsson
Jón Sigurðsson

J. Hannesson Jón Jónsson

Ekki fleira skrifað í þessa bók

Afgangurinn eru auðar síður